

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Rjúpnahæð vesturhluti.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 26. apríl 2002.

Breytingin felst í því að 13,5 ha óbyggt svæði á vesturhluta Rjúpnahæðar breytist í íbúðarsvæði. Á svæðinu eru áætlaðar liðlega 120 íbúðir í sérbýli og fjölbýli og þéttleiki byggðar um 9 íbúðir á ha. Íbúafjöldi áætlaður um 360 manns miðað við 3 á hverja íbúð. Reiðleiðir breytast lítillega.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 19. febrúar 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Sigrún Ágústsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 1. mars 2007